ÍSLENSK útgáfa

# EES-viðbætir

## við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 52

12. árgangur

13.10.2005

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið

2. Sameiginlega EES-nefndin

Til lesenda . . . . . . . 1

2005/EES/52/01 Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2005 frá 10. júní 2005 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn . . . . . . . 1

2005/EES/52/02 Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2005 frá 10. júní 2005 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn . . . . . . . 3

2005/EES/52/03 Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2005 frá 10. júní 2005 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn . . . . . . . 4

2005/EES/52/04 Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2005 frá 10. júní 2005 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn . . . . . . . 5

2005/EES/52/05 Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2005 frá 10. júní 2005 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn . . . . . . . 6

2005/EES/52/06 Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2005 frá 10. júní 2005 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn . . . . . . . 7

2005/EES/52/07 Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2005 frá 10. júní 2005 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn . . . . . . . 9

2005/EES/52/08 Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2005 frá 10. júní 2005 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn . . . . . . . 10

2005/EES/52/09 Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2005 frá 10. júní 2005 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn . . . . . . . 11

2005/EES/52/10 Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2005 frá 10. júní 2005 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn . . . . . . . 12

2005/EES/52/11 Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/2005 frá 10. júní 2005 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn . . . . . . . 13

| | | |
|---|---|---|
| **2005/EES/52/12** | Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2005 frá 10. júní 2005 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins | 14 |
| **2005/EES/52/13** | Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2005 frá 10. júní 2005 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins | 15 |
| **2005/EES/52/14** | Leiðréttingar | 16 |

**3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin**

**4. Ráðgjafarnefnd EES**

**II EFTA-STOFNANIR**

**1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna**

**2. Eftirlitsstofnun EFTA**

**3. EFTA-dómstóllinn**

**III EB-STOFNANIR**

**1. Ráðið**

**2. Framkvæmdastjórnin**

**3. Dómstóllinn**

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

**TIL LESENDA**

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2005 var afturkölluð áður en hún var samþykkt og því er eyða í númeraröðinni.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 76/2005** **2005/EES/52/01**

**frá 10. júní 2005**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2005 frá 11. mars 2005 ([1]).

2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/104/EB frá 14. október 2004 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 72/245/EBE um rafsegultruflanir (rafsegulsviðssamhæfi) í ökutækjum og um breytingu á tilskipun 70/156/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ([2]) skal felld inn í samninginn með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 56, 2.3.2005, bls. 35.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

I. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 70/156/EBE):

   „– **32004 L 0104**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/104/EB frá 14. október 2004 (Stjtíð. ESB L 337, 13.11.2004, bls. 13), með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 56, 2.3.2005, bls. 35.“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 11. lið (tilskipun ráðsins 72/245/EBE):

   „– **32004 L 0104**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/104/EB frá 14. október 2004 (Stjtíð. ESB L 337, 13.11.2004, bls. 13), með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 56, 2.3.2005, bls. 35.“

3. Eftirfarandi aðlögunartexti bætist við í 11. lið (tilskipun ráðsins 72/245/EBE):

   „Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

   Í I. viðauka bætist eftirfarandi við í lið 5.2:

   „IS fyrir Ísland

   FL fyrir Liechtenstein

   16 fyrir Noreg““

4. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 45ze (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/90/EB):

   „45zf. **32004 L 0104**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/104/EB frá 14. október 2004 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 72/245/EBE um rafsegultruflanir (rafsegulsviðssamhæfi) í ökutækjum og um breytingu á tilskipun 70/156/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra (Stjtíð. ESB L 337, 13.11.2004, bls. 13), með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 56, 2.3.2005, bls. 35.“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2004/104/EB, með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 56, 2.3.2005, bls. 35, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

---

([1]) Stjtíð. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 45 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 38, 28.7.2005, bls. 26.

([2]) Stjtíð. ESB L 337, 13.11.2004, bls. 13.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 11. júní 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júní 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***R. Wright***

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 2005/EES/52/02**
**nr. 77/2005**

**frá 10. júní 2005**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,
með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn", einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2005 frá 29. apríl 2005 ([1]).

2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1452/2003 frá 14. ágúst 2003 um að viðhalda undanþágunni, sem kveðið er á um í a-lið 3. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2092/91, að því er varðar tilteknar tegundir fræs og plöntufjölgunarefnis, og að mæla fyrir um reglur um málsmeðferð og viðmiðanir varðandi þá undanþágu ([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 54zzp (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2065/2003) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„55zzq. **32003 R 1452**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1452/2003 frá 14. ágúst 2003 um að viðhalda undanþágunni, sem kveðið er á um í a-lið 3. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2092/91, að því er varðar tilteknar tegundir fræs og plöntufjölgunarefnis, og að mæla fyrir um reglur um málsmeðferð og viðmiðanir varðandi þá undanþágu (Stjtíð. ESB L 206, 15.8.2003, bls. 17)."

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1452/2003, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 11. júní 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júní 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***R. Wright***

formaður.

([1]) Stjtíð. ESB L 239, 15.9.2005, bls. 36 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 46, 15.9.2005, bls. 23.
([2]) Stjtíð. ESB L 206, 15.8.2003, bls. 17.

([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 78/2005** **2005/EES/52/03**

**frá 10. júní 2005**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2005 frá 29. apríl 2005 ([1]).

2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/97/EB frá 27. september 2004 um breytingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/60/EB að því er varðar fresti ([2]) skal felld inn í samninginn.

3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/2/EB frá 19. janúar 2005 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum *Ampelomyces quisqualis* og *Gliocladium catenulatum* ([3]) skal felld inn í samninginn.

4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/3/EB frá 19. janúar 2005 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum ímasósúlfúroni, laminaríni, metoxýfenósíði og s-metólaklóri ([4]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

XV. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 12a (tilskipun ráðsins 91/414/EBE):

   „– **32005 L 0002**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/2/EB frá 19. janúar 2005 (Stjtíð. ESB L 20, 22.1.2005, bls. 15),

   – **32005 L 0003**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/3/EB frá 19. janúar 2005 (Stjtíð. ESB L 20, 22.1.2005, bls. 19).“

2. Eftirfarandi bætist við í 49. undirlið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/60/EB) í lið 12a:

   „, eins og henni var breytt með:

   – **32004 L 0097**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/97/EB frá 27. september 2004 (Stjtíð. ESB L 301, 28.9.2004, bls. 53).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2004/97/EB, 2005/2/EB og 2005/3/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 11. júní 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júní 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***R. Wright***

formaður.

([1]) Stjtíð. ESB L 239, 15.9.2005, bls. 44 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 46, 15.9.2005, bls. 27.
([2]) Stjtíð. ESB L 301, 28.9.2004, bls. 53.
([3]) Stjtíð. ESB L 20, 22.1.2005, bls. 15.
([4]) Stjtíð. ESB L 20, 22.1.2005, bls. 19.

([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 79/2005** **2005/EES/52/04**

**frá 10. júní 2005**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2005 frá 11. mars 2005 ([1]).

2) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2005 frá 11. mars 2005 ([2]).

3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/42/EB frá 21. apríl 2004 um takmörkun á losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna í tiltekinni málningu og lakki og efnum til lakkviðgerða á ökutækjum og um breytingu á tilskipun 1999/13/EB ([3]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 8. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/63/EB) í XVII. kafla II. viðauka við samninginn:

„9. **32004 L 0042**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/42/EB frá 21. apríl 2004 um takmörkun á losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna í tiltekinni málningu og lakki og efnum til lakkviðgerða á ökutækjum og um breytingu á tilskipun 1999/13/EB (Stjtíð. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 87).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Á eftir orðunum „öðlast gildi“ í 4. mgr. 3. gr. bætist við orðin „, og að því er Ísland varðar í 36 mánuði eftir seinni tímamörkin, sem mælt er fyrir um í II. viðauka, til þess að unnt sé að afsetja birgðir á Íslandi“.“

*2. gr.*

Eftirfarandi bætist við í lið 21ab (tilskipun ráðsins 1999/13/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

– **32004 L 0042**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/42/EB frá 21. apríl 2004 (Stjtíð. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 87).“

*3. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2004/42/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 11. júní 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

*5. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júní 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***R. Wright***

formaður.

([1]) Stjtíð. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 30 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 38, 28.7.2005, bls. 18.
([2]) Stjtíð. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 45 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 38, 28.7.2005, bls. 26.
([3]) Stjtíð. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 87.

([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 80/2005 2005/EES/52/05

**frá 10. júní 2005**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 128/2004 frá 24. september 2004 ([1]).

2) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/887/EB frá 11. desember 2003 um framkvæmd og notkun evrópskra þolhönnunarstaðla fyrir byggingarmannvirki og byggingarvörur í burðarvirki ([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 3. lið (C/62/94/bls. 1: Orðsending framkvæmdastjórnarinnar) í XXI. kafla II. viðauka við samninginn:

„4. **32003 H 0887**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/887/EB frá 11. desember 2003 um framkvæmd og notkun evrópskra þolhönnunarstaðla fyrir byggingarmannvirki og byggingarvörur í burðarvirki (Stjtíð. EB L 332, 19.12.2003, bls. 62).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilmæla 2003/887/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 11. júní 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júní 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***R. Wright***

formaður.

([1]) Stjtíð. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 53 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 12, 10.3.2005, bls. 40.

([2]) Stjtíð. EB L 332, 19.12.2003, bls. 62.

([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**2005/EES/52/06**

# ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 82/2005

**frá 10. júní 2005**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn", einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2005 frá 29. apríl 2005 ([1]).

2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 881/2004 frá 29. apríl 2004 um stofnun Járnbrautastofnunar Evrópu ([2]), með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 220, 21.6.2004, bls. 3, hefur það markmið að auka rekstrarsamhæfi járnbrautarkerfa og koma upp sameiginlegum aðferðum til að tryggja öryggi í járnbrautakerfi Evrópuríkja.

3) Starfsemi stofnunarinnar getur haft áhrif á rekstrarsamhæfi og öryggi járnbrauta á Evrópska efnahagssvæðinu.

4) Reglugerð (EB) nr. 881/2004, með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 220, 21.6.2004, skal því felld inn í samninginn til þess að EFTA-ríkin geti tekið fullan þátt í starfi Járnbrautastofnunar Evrópu.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

XIII. viðauki við samninginn breytist sem segir í viðauka við ákvörðun þessa.

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 881/2004, með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 220, 21.6.2004, bls. 3, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 11. júní 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júní 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***R. Wright***

formaður.

([1]) Stjtíð. ESB L 239, 15.9.2005, bls. 57 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 46, 15.9.2005, bls. 35.
([2]) Stjtíð. EB L 164, 30.4.2004, bls. 1.

([*]) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

*VIÐAUKI*

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2005

Eftirfarandi bætist við á eftir lið 42e (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/49/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„42f. **32004 R 0881**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 881/2004 frá 29. apríl 2004 um stofnun Járnbrautastofnunar Evrópu (Stjtíð. EB L 164, 30.4.2004, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samninginn skal túlka hugtakið „aðildarríki“ og önnur hugtök, sem vísa til opinberra stofnana aðildarríkjanna í reglugerðinni, á þann veg að þau taki til EFTA-ríkjanna og opinberra stofnana þeirra auk ríkja og stofnana sem þau taka til samkvæmt reglugerðinni, enda sé ekki kveðið á um annað hér á eftir. Beita skal 11. mgr. bókunar 1.

b) Að því er varðar EFTA-ríkin skulu Eftirlitsstofnun EFTA eða fastanefndin, eftir því sem við á, njóta aðstoðar stofnunarinnar við þau verkefni sem þeim eru falin, hvernig og hvenær sem það á við.

c) Starfshópar, sem stofnunin setur á fót, skulu vera skipaðir hæfilega mörgum fulltrúum EFTA-ríkjanna.

d) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 23. gr.:

„EFTA-ríkin skulu beita gagnvart stofnuninni og starfsfólki hennar Bókun um sérréttindi og friðhelgi Evrópubandalaganna og viðeigandi reglum sem samþykktar hafa verið á grundvelli hennar.“

e) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 24. gr.:

„5. Þrátt fyrir a-lið 2. mgr. 12. gr. ráðningarskilmála annarra starfsmanna Evrópubandalaganna er forstjóra stofnunarinnar heimilt að gera ráðningarsamning við ríkisborgara EFTA-ríkjanna sem njóta óskertra borgaralegra réttinda.“

f) Í stað orðanna „Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar“ í b-lið 2. mgr. 25. gr. komi orðin „Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar og Eftirlitsstofnunar EFTA“.

g) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 26. gr.:

„5. EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í störfum stjórnar stofnunarinnar og hafa þar sömu réttindi og skyldur og aðildarríki Evrópusambandsins, að undanskildum atkvæðarétti.“

h) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 33. gr.:

„4. Þegar um ræðir heimsóknir til EFTA-ríkis skal stofnunin einnig senda skýrsluna til Eftirlitsstofnunar EFTA.“

i) Eftirfarandi bætist við í 1. mgr. 37. gr.:

„Við beitingu þessarar reglugerðar skal reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar (*) einnig gilda um þau skjöl stofnunarinnar sem varða EFTA-ríkin.

(*) Stjtíð. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43.“

j) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 38. gr.:

„10. EFTA-ríkin skulu greiða hluta af því fjárframlagi frá Bandalaginu sem um getur í fyrsta undirlið 2. mgr. Í þessu skyni skal beita málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins og bókun 32 við hann, að breyttu breytanda.““

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 83/2005** **2005/EES/52/07**

**frá 10. júní 2005**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2005 frá 29. apríl 2005 ([1]).

2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/111/EB frá 9. desember 2004 um fimmtu aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 94/55/EB um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi flutning á hættulegum farmi á vegum ([2]) skal felld inn í samninginn.

3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/112/EB frá 13. desember 2004 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 95/50/EB um samræmt eftirlit með flutningi á hættulegum farmi á vegum ([3]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

XIII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 17e (tilskipun ráðsins 94/55/EB):

„– **32004 L 0111**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/111/EB frá 9. desember 2004 (Stjtíð. ESB L 365, 10.12.2004, bls. 25).“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 17d (tilskipun ráðsins 95/50/EB):

„– **32004 L 0112**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/112/EB frá 13. desember 2004 (Stjtíð. ESB L 367, 14.12.2004, bls. 23).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2004/111/EB og 2004/112/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 11. júní 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júní 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***R. Wright***

formaður.

([1]) Stjtíð. ESB L 239, 15.9.2005, bls. 57 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 46, 15.9.2005, bls. 35.
([2]) Stjtíð. ESB L 365, 10.12.2004, bls. 25.
([3]) Stjtíð. ESB L 367, 14.12.2004, bls. 23.

([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 84/2005** **2005/EES/52/08**

**frá 10. júní 2005**

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn", einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2005 frá 29. apríl 2005 ([1]).

2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 13/2005 frá 6. janúar 2005 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skrána yfir aukamarkbreytur varðandi félagslega þátttöku ([2]) skal felld inn í samninginn.

3) Ákvörðun þessi á ekki að gilda að því er varðar Liechtenstein.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18o (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 28/2004) í XXI. viðauka við samninginn:

„18p. **32005 R 0013**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 13/2005 frá 6. janúar 2005 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skrána yfir aukamarkbreytur varðandi félagslega þátttöku (Stjtíð. ESB L 5, 7.1.2005, bls. 5).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Reglugerð þessi gildir ekki að því er varðar Liechtenstein."

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 13/2005, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 11. júní 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júní 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***R. Wright***

formaður.

([1]) Stjtíð. ESB L 239, 15.9.2005, bls. 59 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 46, 15.9.2005, bls. 36.
([2]) Stjtíð. ESB L 5, 7.1.2005, bls. 5.

([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**2005/EES/52/09**

# ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 85/2005

**frá 10. júní 2005**

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2005 frá 29. apríl 2005 ([1]).

2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB, KBE) nr. 116/2005 frá 26. janúar 2005 um meðferð á endurgreiðslu virðisaukaskatts til ógjaldskyldra einstaklinga og til gjaldskyldra einstaklinga vegna starfsemi sem nýtur undanþágu að því er varðar reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1287/2003 um samræmingu vergra þjóðartekna á markaðsvirði ([2]) skal felld inn í samninginn.

3) Ákvörðun þessi á ekki að gilda að því er varðar Liechtenstein.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 19q (reglugerð ráðsins (EB) nr. 1222/2004) í XXI. viðauka við samninginn:

„19r. **32005 R 0116**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB, KBE) nr. 116/2005 frá 26. janúar 2005 um meðferð á endurgreiðslu virðisaukaskatts til ógjaldskyldra einstaklinga og til gjaldskyldra einstaklinga vegna starfsemi sem nýtur undanþágu að því er varðar reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1287/2003 um samræmingu vergra þjóðartekna á markaðsvirði (Stjtíð. ESB L 24, 27.1.2005, bls. 6).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Reglugerð þessi gildir ekki að því er varðar Liechtenstein.“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB, KBE) nr. 116/2005, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 11. júní 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júní 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***R. Wright***

formaður.

([1]) Stjtíð. ESB L 239, 15.9.2005, bls. 59 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 46, 15.9.2005, bls. 36.
([2]) Stjtíð. ESB L 24, 27.1.2005, bls. 6.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**2005/EES/52/10**

# ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 86/2005

**frá 10. júní 2005**

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2005 frá 29. apríl 2005 ([1]).

2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 184/2005 frá 12. janúar 2005 um hagskýrslur Bandalagsins að því er varðar greiðslujöfnuð, þjónustuviðskipti við útlönd og beina, erlenda fjárfestingu ([2]) skal felld inn í samninginn.

3) Ákvörðun þessi á ekki að gilda að því er varðar Liechtenstein.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 19r (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB, KBE) nr. 116/2004) í XXI. viðauka við samninginn:

„19s. **32005 R 0184**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 184/2005 frá 12. janúar 2005 um hagskýrslur Bandalagsins að því er varðar greiðslujöfnuð, þjónustuviðskipti við útlönd og beina, erlenda fjárfestingu (Stjtíð. ESB L 35, 8.2.2005, bls. 23).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Reglugerð þessi gildir ekki að því er varðar Liechtenstein.“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 184/2005, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 11. júní 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júní 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***R. Wright***

formaður.

([1]) Stjtíð. ESB L 239, 15.9.2005, bls. 59 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 46, 15.9.2005, bls. 36.
([2]) Stjtíð. ESB L 35, 8.2.2005, bls. 23.

([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**2005/EES/52/11**

# ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 87/2005

**frá 10. júní 2005**

**um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2005 frá 29. apríl 2005 ([1]).

2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 211/2005 frá 4. febrúar 2005 um breytingu á reglugerð EB nr. 1725/2003 um innleiðingu tiltekinna, alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-staðla) 1 og 2 og alþjóðlega reikningsskilastaðla (IAS-staðla) 12, 16, 19, 32, 33, 38 og 39 ([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 10ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003) í XXII. viðauka við samninginn:

„– **32005 R 0211**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 211/2005 frá 4. febrúar 2005 (Stjtíð. ESB L 41, 11.2.2005, bls. 1).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 211/2005, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 20 dögum eftir að hún er samþykkt að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júní 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***R. Wright***

formaður.

([1]) Stjtíð. ESB L 239, 15.9.2005, bls. 62 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 46, 15.9.2005, bls. 38.

([2]) Stjtíð. ESB L 41, 11.2.2005, bls. 1.

([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 88/2005** **2005/EES/52/12**

**frá 10. júní 2005**

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 86. og 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 183/2004 frá 16. desember 2004 ([1]).

2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2241/2004/EB frá 15. desember 2004 um samræmdan lagaramma Bandalagsins um gagnsæi menntunar og hæfni (evrópskt starfsmenntavegabréf) ([2]).

3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að hið aukna samstarf geti átt sér stað frá 1. janúar 2005 að telja.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í málsgrein 2k í 4. gr. bókunar 31 við samninginn:

„– **32004 D 2241**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2241/2004/EB frá 15. desember 2004 um samræmdan lagaramma Bandalagsins um gagnsæi menntunar og hæfni (evrópskt starfsmenntavegabréf) (Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 6).“

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2005 að telja.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júní 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***R. Wright***

formaður.

([1]) Stjtíð. ESB L 133, 26.5.2005, bls. 48 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 26, 26.5.2005, bls. 33.
([2]) Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 6.

([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**2005/EES/52/13**

# ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 89/2005

**frá 10. júní 2005**

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn", einkum 86. og 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 135/2002 frá 27. september 2002 ([1]).

2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar ráðsins 2005/12/EB frá 20. desember 2004 um breytingu á ákvörðun 1999/847/EB að því er varðar framlengingu á aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði almannavarna ([2]).

3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að hið aukna samstarf geti átt sér stað frá 1. janúar 2005 að telja.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við í þriðja undirlið (ákvörðun ráðsins 1999/847/EB) í b-lið 8. mgr. 10. gr. bókunar 31 við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

– **32005 D 0012**: Ákvörðun ráðsins 2005/12/EB frá 20. desember 2004 um breytingu á ákvörðun 1999/847/EB að því er varðar framlengingu á aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði almannavarna (Stjtíð. ESB L 6, 8.1.2005, bls. 7)."

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2005 að telja.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júní 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***R. Wright***

formaður.

([1]) Stjtíð. EB L 336, 12.12.2002, bls. 36 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 61, 12.12.2002, bls. 30.
([2]) Stjtíð. ESB L 6, 8.1.2005, bls. 7.

([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**LEIÐRÉTTINGAR** **2005/EES/52/14**

## LEIÐRÉTTINGAR SEM SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ TIL GREINA

Sameiginlega EES-nefndin hefur tekið til greina eftirtaldar leiðréttingar á ákvörðunum nefndarinnar:

### Leiðrétting á hinni íslensku gerð ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2004 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

*(EES-viðbætir nr. 43, 26.8.2004, bls. 9)*

Í stað orðsins „flugatvika“ í öðrum lið inngangsorða og 1. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2004 komi orðið „atvika“.

### Leiðrétting á hinni íslensku gerð ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2004 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

*(EES-viðbætir nr. 65, 23.12.2004, bls. 1)*

Í stað orðanna „heilbrigðiseftirlits með afurðum“ í þriðja lið inngangsorða og 2. mgr. 1. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2004 komi orðin „heilbrigðiseftirlits dýralæknis með afurðum“.

### Leiðrétting á hinni íslensku gerð ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2004 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

*(EES-viðbætir nr. 12, 10.3.2005, bls. 12)*

Í stað orðanna „fyrir aukið“ í öðrum lið inngangsorða og 2. mgr. 1. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2004 komi orðin „til að auka“.

### Leiðrétting á hinni íslensku gerð ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2004 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

*(EES-viðbætir nr. 20, 21.4.2005, bls. 25)*

Í stað orðsins „viðkvæmum“ í þriðja lið inngangsorða og 1. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2004 komi orðið „viðkvæmustu“.

### Leiðrétting á hinni íslensku gerð ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2005 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

*(EES-viðbætir nr. 32, 23.6.2005, bls. 19)*

Í stað orðanna „um aukið öryggi skipa og öruggari hafnaraðstöðu“ í öðrum lið inngangsorða og 1. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2005 komi orðin „um að efla vernd skipa og hafnaraðstöðu“.

**Leiðrétting á hinni norsku gerð ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/2003 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

*(EES-viðbætir nr. 7, 12.2.2004, bls. 41)*

Í stað orðsins „informasjon" í öðrum lið inngangsorða og 1. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/2003 komi orðin „opplysningar".

## LEIÐRÉTTINGAR Á BANDALAGSGERÐUM

Sameiginlega EES-nefndin hefur tekið til greina eftirtaldar leiðréttingar á bandalagsgerðum:

**Leiðrétting á ákvörðun nr. 197 frá 23. mars 2004 um aðlögunartímabil við innleiðingu evrópska sjúkratryggingakortsins í samræmi við 5. gr. ákvörðunar nr. 191 (Stjtíð. ESB L 343, 19.11.2004) – en sú gerð var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2005**

*(Stjórnartíðindi Evrópusambandsins L 33, 5.2.2005, bls. 75)*

**Leiðrétting á ákvörðun nr. 197 frá 23. mars 2004 um aðlögunartímabil við innleiðingu evrópska sjúkratryggingakortsins í samræmi við 5. gr. ákvörðunar nr. 191 (Stjtíð. ESB L 343, 19.11.2004) – en sú gerð var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2005**

*(Stjórnartíðindi Evrópusambandsins L 93, 12.4.2005, bls. 45)*

**Leiðrétting á ákvörðun nr. 197 frá 23. mars 2004 um aðlögunartímabil við innleiðingu evrópska sjúkratryggingakortsins í samræmi við 5. gr. ákvörðunar nr. 191 (Stjtíð. ESB L 343, 19.11.2004) – en sú gerð var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2005**

*(Stjórnartíðindi Evrópusambandsins L 182, 12.7.2005, bls. 35)*